



Reykjavík, 18. Júní 2025
PON24060037

Borgarráð

Afgreiðslubréf: Heimild til að hefja verkefnið Sameining Veitu

Á fundi stafræns ráðs þann 13. júní 2025 var lögð fram heimildarbeiðni, dags. 26. Maí 2025, um að hefja verkefnið Sameining Veitu ásamt fylgigögnum sbr. 11. lið fundargerðar stafræns ráðs s.d.

Tillagan var samþykkt í fyrsta forgangi og vísað til meðferðar borgarráðs.

Tilkynnist það hér með.

F.h. stafræns ráðs,

Sólveig Skaftadóttir,
starfsmaður stafræns ráðs



Reykjavík



Reykjavík, 26. maí 2025
PON24060037

Efni: Heimild til að hefja verkefnið Sameining Veitu

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja verkefnið „Sameining Veitu“ sem snýr að því að þróa sameiginlegt kerfi til að sjá um miðlæga afgreiðslu á umsóknum á sviði velferðarmála sveitarfélaga, fyrst um sinn fjárhagsaðstoð.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður PON og tilheyrir verkefnaklasa 80014 vöruþróun og stafvæðing ferla.

Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá maí 2025 til mars 2026 og er heildarkostnaður Reykjavíkurborgar skv. frumkostnaðaráætlun 20,7 m.kr. sem tilheyrir eignasjóði á framkvæmdatímanum. Heildarkostnaður við verkefnið er áætlaður 56 m.kr. Af heildarkostnaði eru áætlað að 7,1 m.kr. verði aðkeypt þjónusta sem er á vegum skrifstofu upplýsingatæknipjónustu Reykjavíkurborgar, sem annast alla samningagerð og umsýslu í tengslum við þessa þjónustu

Fjármögnun verkefnisins af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur verið staðfest og samþykkt á stýrihópsfundi með fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga (SÍS) ásamt sviðsstjóra þjónustu- og nýsköpunarsviðs Reykjavíkurborgar. Heildarkostnaður verkefnisins er 56 m.kr. skv. frumkostnaðaráætlun. Samþykkt hefur verið að kostnaði verði skipt eftir höfðatölu. Reykjavíkurborg greiðir hlutfall í samræmi við íbúafjölda og SÍS greiðir vegna íbúa í öðrum sveitarfélögum. Sameinað kerfi verður sameign sveitarfélaga sem það innleiða og rekið í samstarfi þeirra. Framangreint hefur verið staðfest skriflega. Einnig liggur fyrir samkomulag um verkefnið, dags. 31. janúar 2025, undirritað af borgarstjóra og formanni stjórnar SÍS.

Afurð verkefnisins mun ekki auka rekstrarkostnað Reykjavíkurborgar heldur mun hann falla inn í, og áætlað að hann muni lækka, núverandi rekstrarkostnað þjónustunnar sem greidd er af velferðarsviði.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,

Óskar Sandholt,
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs



Reykjavík



Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Verkefnaráð Þjónustu og nýsköpunarsviðs

Fylgiskjöl:

Heimildarbeiðni

Kynning sem fór fyrir verkefnaráð

Frumkostnaðaráætlun/umfangsmat

Reykjavík, (13.06.2025)

Verkefnaráðsfundur: 5.6.2025

Sameining Veitu

Samantekt:

Sameiginlegri Veitu er ætlað að sjá um miðlæga afgreiðslu á umsóknum sveitarfélaga t.d. á sviði velferðarmála, fyrst um sinn fjárhagsaðstoð en síðar fleiri umsóknir. Lögum samkvæmt þurfa sveitarfélög að tengja sig þjónustugátt TR (Tryggingastofnun) og ákveðið var að vinna það með Sambandi Íslenskra sveitarfélaga (SÍS). Kerfinu er ætlað að vera grunnkerfi sem getur á skilvirkan hátt boðið sveitarfélögum upp á að taka á móti umsóknum frá umsóknarkerfi Ísland.is og afgreiða þær.

Heildarkostnaður á fjárfestingu samkvæmt frumkostnaðaráætlun: 56 m.kr.

Áætluð tímalengd verkefnis: 9 mán

Skor í Fylki frá verkefnaráði ÞON:

Ábati 33%: 5,0

Ábati felst í lækkun rekstrarkostnaðar, mikill mælanlegur og ómælanlegur ábati fyrir bæði starfsfólk og starfsemi Reykjavíkur og íbúa. Einnig utan Reykjavíkur,

Stuðningur við grunnrekstur, upplýsingatækniinnviði og gagnahögun 33%: 5,0

Verkefnið einfaldar rekstarumhverfi m.a með sameiningu tveggja kerfa og stuðlar að meiri sjálfvirknivæðingu og gagnadrifinni ákvarðanatöku.

Áhrif á þjónustu og fjölda notenda 33%: 5,0

Hefur mjög jákvæð áhrif á stóran hóp innan og utan Reykjavíkur.

Lagalegar kröfur – Já

Lagaleg krafa er til staðar. Lögum samkvæmt þurfa sveitarfélög að tengja sig þjónustugátt TR.

Virðingarfyllt,
Verkefnaráð
Þjónustu og nýsköpunarsvið



Reykjavík



Greinargerð:

Verkefnið felur í sér sameiginlega þróun, viðhald, rekstur og hýsingu á Veitu, kerfi fyrir umsóknir vegna félagsþjónustu sveitarfélaga með það fyrir augum að til staðar verði ein lausn sem öll sveitarfélög sem þess óska geti innleitt í starfsemi sína. Sameining Veitu mun gera sveitarfélögum kleift að nota eitt sameiginlegt kerfi til að sjá um miðlæga afgreiðslu á umsóknum á sviði velferðarmála. Áform eru um að þróa nýja útgáfu kerfisins sem byggir á því besta úr núverandi tveimur kerfum, og verður sú útgáfa hönnuð sem fjölnotendalausn (e. multi-tenant). Það þýðir að fleiri en eitt sveitarfélag getur tengst sömu lausn og nýtt hana á öruggan og skilvirkan hátt. Lausnin verður jafnframt tengd þjónustugátt Tryggingastofnunnar (TR), sem tryggir sjálfvirkni og samræmd gagnaskipti. Verkefnið er nokkurs konar prófunarverkefni um hvernig sveitarfélög geta sameinast um þróun og rekstur lausna. Ein af áskorunum sem verkefninu er ætlað leysa er hvernig meðferð persónuupplýsinga frá mismunandi sveitarfélögum verður háttað í fjölnotendalausn.

Í dag eru til tvö aðskilin kerfi, bæði byggð á grunnkerfi fjárhagsaðstoðar Reykjavíkurborgar. Með sameiningunni er ætlað að ná fram hagræðingu í rekstri og þróun til lengri tíma lítið, og sveitarfélög verða betur í stakk búin til að innleiða stafræna stefnu hins opinbera með samræmdum ferlum og sameiginlegri tæknigrundvelli. Verkefnið mun styðja við innleiðingu nýrrar þjónustugáttar TR og annarra verkefna sem krefjast samræmdra umsókna og gagnaskipta milli sveitarfélaga og ríkisstofnana. Með sameiningu kerfanna eykst skilvirkni og sveigjanleiki sveitarfélaga til að mæta kröfum um rafræna þjónustu og örugg gagnaskipti á samhæfðan hátt.

Mælanlegur ábati

Með samrekstri við önnur sveitarfélög landsins er áætlað að hagræði í árlegum rekstrarkostnaður kerfisins geti numið um 9,7 m.kr., en núverandi rekstrarkostnaður Veitu er 15 m.kr. á ári og áætlað er að hann verði 5,3 m.kr. á ári í samrekstri. Til að uppfylla kröfur í lögum um almannatryggingar nr. 100/2007 væri nauðsynleg grunnfjárfesting Reykjavíkurborgar a.m.k. 5,3 m.kr., en viðbótarfjárfesting vegna innleiðingar Sameinaðrar Veitu nemur 14,6 m.kr. Áætlað er að fjárfestingin borgi sig upp á 1,5 árum.

Ómælanlegur ábati

Verkefnið styrkir samstarf milli sveitarfélaga og opnar nýjar leiðir til samreksturs og samþróunar fleiri stafrænna lausna. Með samræmingu verklags og þjónustuferla stuðlar það að samfelldri og saumlausri þjónustu við íbúa landsins, óháð búsetu, þar sem aðgangur að þjónustu sveitarfélaga verður sambærilegur, óháð því hvar íbúi sækir hana. Um það bil helmingur verkefnisins felst í þróun endurnýtanlegra íhluta sem nýtast víðar í stafrænni umgjörð borgarinnar. Þessir íhlutir eru mikilvægur grunnur að því að gera aðrar stafrænar lausnir samrekanlegar, sem eykur hagkvæmni, stuðlar að betri nýtingu fjármuna og flýtir fyrir innleiðingu annarra lausna í framtíðinni.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið samkvæmt frumkostnaðaráætlun er 56 m.kr. og er hlutur Reykjavíkurborgar þar af 20,7 m.kr.

Kostnaðarstaður: 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður PON. 80014 vöruþróun og stafvæðing ferla.





F.h. þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Arna Ýr Sævarsdóttir,
skrifstofustjóri skrifstofu þjónustu og umbreytinga



Reykjavík



Sameining Veitu

Eigandi: Arna Ýr Sævarsdóttir, skrifstofustjóri

Þarfagreining

Verkefnið felur í sér sameiginlega þróun, viðhald, rekstur og hýsingu á Veitu, kerfi fyrir umsóknir vegna félagsþjónustu sveitarfélaga með það fyrir augum að til staðar verði ein lausn sem öll sveitarfélög sem þess óska geti innleitt í starfsemi sína.

Sameining Veitu gerir sveitarfélögum kleift að nota eitt sameiginlegt kerfi til að sjá um miðlæga afgreiðslu á umsóknum á sviði velferðarmála. Til stendur að setja upp nýja útgáfu af Veitu sem kemur til með að nýta íhluti úr hvorri Veitu fyrir sig. Sú lausn verður fjölnotendalausn (e. multi-tenant) sem gerir fleiri en einu sveitarfélagi kleift að tengjast lausninni. Lausnin mun einnig vera tengd straumi þjónustugáttar Tryggingastofnunar.

Í dag eru tvö kerfi til staðar, byggð á sama grunni kerfis fyrir fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar. Með því að sameina þessi kerfi í eitt næst fram hagræðing fyrir öll sveitarfélög. Það mun einnig gera sveitarfélögin betur í stakk búin til að innleiða stafræna stefnu hins opinbera með miðlægu kerfi og sameiginlegum ferlum. Fram undan eru fjöldi verkefna svo sem ný þjónustugátt TR sem gera ráð fyrir samræmdum umsóknum og gagnaskiptum milli sveitarfélaga og annarra stofnana og mun þetta kerfi gera sveitarfélögum betur kleift að komi til móts við þær kröfur.

Áskorun

- Sveitarfélög mörg hver að leysa sama vandamál tengt fjárhagsaðstoð og annarri velferðarþjónustu, hvert í sínu horni
- Aukin krafa um að sveitarfélög og aðrar stofnanir samræmi ferli umsókna og gagnaskipt þvert á stofnanir

Markmið

- Setja upp sameiginlega miðlæga gátt fyrir móttöku umsókna sveitarfélaga fyrir fjárhagsaðstoð
- Gagnaskil í þjónustugátt TR og síðar önnur kerfi
- Samræma verklag og umsóknir þvert á sveitarfélög

Áætlaður ávinningur (ábatamat)

- Gerir Reykjavíkurborg betur í stakk búið til að standa við skuldbindingar sínar gagnvart stafrænni stefnu hins opinbera
- Hagræðing í þróun að deila þróunarkostnaði með öðrum sveitarfélögum
- Betri upplifun notenda og bætt þjónusta þegar sveitarfélög geta deilt gögnum þvert á kerfi

Tímalína

Maí 2025 – Mars 2026

Kostnaður

Heildarkostnaður 56 m. kr.
Eignasjóður 56 m. kr.
Rekstur 5,4 m. kr. árlega

Vörustjóri: Guttormur Árni Ársælsson

Verkefnateymi: Hugbúnaðarteymi


Stafrænn leiðtogi: Magnús Bergur Magnússon



Sameining Veitu

Magnús Bergur, stafrænn leiðtogi

Guttormur Árni, vörustjóri






Íhnotskurn

Sameiginlegri Veitu er ætlað að sjá um miðlæga afgreiðslu á umsóknum sveitarfélaga t.d. á sviði velferðarmála, fyrst um sinn fjárhagsaðstoð en síðar fleiri umsóknir. Lögum skv. þurfa sveitarfélög að tengja sig þjónustugátt TR og ákveðið var að vinna það með Sambandinu.

Kerfinu er ætlað að vera grunnkerfi sem getur á skilvirkan hátt boðið sveitarfélögum upp á að taka á móti umsóknum frá umsóknarkerfi Ísland.is og afgreiða þær.

Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg hafa undirritað samkomulag um sameiginlega þróun, viðhald, rekstur og hýsingu á Veitu. [Hlekkur á samkomulagið hér](#)





Ákvörðun verkefnaráðs

- Óska eftir heimild til að hefja verkefnið Sameining Veitu
- Óska eftir fjármögnun uppá **20,7 mkr.** Heildarkostnaður verkefnis er 56 mkr. og hluti Reykjavíkur er 37%
 - Samþykkt hefur verið að kostnaði verði skipt eftir höfðatölu. Reykjavíkurborg greiðir hlutfall í samræmi við íbúafjölda og SÍS greiðir vegna íbúa í öðrum sveitarfélögum.





Áskorun

Stutt lýsing á þeirri áskorun sem verkefninu er ætlað að leysa

Núverandi staða

- Í dag eru tvö kerfi til staðar, byggð á sama grunni kerfis fyrir fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar
- Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga halda úti og reka sitthvora útgáfu af Veitu

Lausn

- Sameinað kerfi sem heldur utan um umsóknir fyrir öll sveitarfélög
- Það mun gera sveitarfélögin betur í stakk búin til að innleiða stafræna stefnu hins opinbera með miðlægu kerfi og sameiginlegum ferlum


Ábati

- Hagræðing í þróun og rekstri að deila kostnaði með öðrum sveitarfélögum
- Gerir sveitarfélögin betur í stakk búin til að standa við skuldbindingar sínar gagnvart stafrænni stefnu hins opinbera
- Er brautryðjendaverkefni til að greiða leið frekari stafrænni samvinnu sveitarfélaga með margvíslegum afleiddum ábata



Hvað er búið að gera:


- Dæmi:
- Greiningarskjal með samanburði á núverandi kerfum, tæknistakk o.s.frv.
- Calum er búinn að setja fram tillögu að arkitektúr
- Þjónustuhönnuður er að vinna greiningu





Tímalína


Sameining Veitu





Umfangsmat

- Kostnaður verkefnis er 56 m. kr. og tími er áætlaður 9 mán



Hlutverk	Hlutfall	Tegund
Teymisstjóri	60%	Starfsmaður
Framendaforritari	80%	Starfsmaður
Bakendaforritari	100%	Verktaki
Prófari	15%	Verktaki
Vörustjóri	100%	Starfsmaður
Framenda arkitekt	20%	Starfsmaður
Tæknistjóri	20%	Starfsmaður
Viðmótshönnuður	50%	Starfsmaður
Ráðgjafi	10%	Verktaki
		Samtals
		56.000.000 ISK

Heildarkostnaður verkefnis er 56 m.kr. og hluti Reykjavíkur 37%, sem gera er 20,7 m.kr



Ábatamat



Mælanlegur ábati

- Samrekstur: Já, með öðrum sveitarfélögum landsins.
- Lækkar þess vegna rekstrarkostnað um ca. 9,7 mkr. á ári.
- Grunnfjárfesting til að framfylgja lögum er 5,3 mkr. og viðbótarfjárfesting Reykjavíkurborgar vegna Veitu 2.0 er því 14,6 mkr.
- Fjárfestingin er þess vegna 1,5 ár að borga sig upp

Ómælanlegur ábati

- Styrkir traust hjá sveitarfélögum til að samreka og samþróa fleiri stafrænar lausnir.
- Samræming á verklagi og þjónustu við íbúa landsins og liður í því að gera þjónustu sveitarfélaga saumlausa þ.e. sama hjá hvaða sveitarfélagi þú ert þá nálgastu alla þjónustu eins.
- U.þ.b. helmingur verkefnisins fer í að búa til endurnýtanlega íhluti sem nýtast til að gera aðrar stafrænar lausnir samrekanlegar.

Samantekt á heildarávinningi/niðurstaða

- Er fjárhagslega hagkvæmt að fara í verkefnið? Já, borgin nær stærðarhagkvæmni í þróun og rekstri með öðrum sveitarfélögum.





Næstu skref

- Áframhaldandi þróun
- Stýrhópsfundir aðra hverja viku með SÍS
- Kortlagning núverandi þjónustu: þjónustukort með þjónustuhönnuði
- Tenging við TR-gátt úr sitthvorri Veitu fyrir 1. september (millistig)





Ákvörðun verkefnaráðs

- Óska eftir heimild til að hefja verkefnið Sameining Veitu
- Óska eftir fjármögnun uppá 20.7 mkr. Heildarkostnaður verkefnis er 56 mkr. og hluti Reykjavíkur er 37%
 - Samþykkt hefur verið að kostnaði verði skipta eftir höfðatölu. Reykjavíkurborg greiðir hlutfall í samræmi við íbúafjölda og SÍS greiðir vegna íbúa í öðrum sveitarfélögum.






Reykjavík



Umfangsmat

- Kostnaður verkefnis er 56 m. kr. og tími er áætlaður 9 mán



Hlutverk	Hlutfall	Tegund
Teymisstjóri	60%	Starfsmaður
Framendaforritari	80%	Starfsmaður
Bakendaforritari	100%	Verktaki
Prófari	15%	Verktaki
Vörustjóri	100%	Starfsmaður
Framenda arkitekt	20%	Starfsmaður
Tæknistjóri	20%	Starfsmaður
Viðmótshönnuður	50%	Starfsmaður
Ráðgjafi	10%	Verktaki
		Samtals
		56.000.000 ISK

Heildarkostnaður verkefnis er 56 m.kr. og hluti Reykjavíkur 37%, sem gera er 20,7 m.kr



Samband íslenskra
sveitarfélaga



Reykjavík

**Samkomulag Sambands íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar
um sameiginlega þróun, viðhald, rekstur og hýsingu á Veitu**

Samningsaðilar Samband íslenskra sveitarfélaga, kt. 550269-4739 (hér eftir Sambandið) og Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, gera með sér eftirfarandi samkomulag um sameiginlega þróun, viðhald, rekstur og hýsingu á Veitu.

1. gr.

Markmið og bakgrunnur verkefnisins

Verkefnið felur í sér sameiginlega þróun, viðhald, rekstur og hýsingu á Veitu, kerfi fyrir umsóknir vegna félagsþjónustu sveitarfélaga með það fyrir augum að til staðar verði ein lausn sem öll sveitarfélög sem þess óska geti innleitt í starfsemi sína.

Nýsamþykkt lög um endurskoðun örorkulífeyriskerfis kveða á um lögbundna þátttöku sveitarfélaga í þjónustugátt Tryggingastofnunar. Reykjavíkurborg og Sambandið reka hvor sína útgáfuna af Veitu sem upphaflega var hönnuð og smíðuð við vinnslu fjárhagsaðstoðarumsókna Reykjavíkurborgar en ljóst er að tækifæri felast í því fyrir sveitarfélög að takast sameiginlega á við verkefnið að tengja eina Veitu við þjónustugáttina.

Þá er ætlunin að nýta lausnina til að afgreiða aðrar sameiginlegar og samræmdar umsóknir sem verða þróaðar inn á Ísland.is, til dæmis samræmda umsókn um heimaþjónustu fyrir „Gott að eldast“ verkefnið. Með samrekstri sameiginlegrar Veitu má ná fram samlegðaráhrifum bæði vegna þróunar og reksturs en ekki síður vegna samræmingar vinnubragða og sameiginlegrar tengingar við „Mínar síður“ á Ísland.is.

2. gr.

Þróun Veitu

Sambandið og Reykjavíkurborg vinna sameiginlega að þróun nýrrar Veitu. Skoðaðir verði eftirfarandi möguleikar:

1. Hvort að önnur hvor lausnin af núverandi Veitu henti til framþróunar
2. Hvort að gera skuli nýja útgáfu af Veitu með íhlutum frá hvorri Veitu fyrir sig
3. Hvort að til sé lausn á markaði sem er hagkvæmari en sú sem nú þegar er til

Sú lausn sem verður fyrir valinu skal vera fjölnotendalausn (e. multi-tenant) og tengd straumi þjónustugáttar Tryggingastofnunar.

3. gr.

Rekstur Veitu og kostnaðarskipting

Lausnin Veita verður sameign sveitarfélaga í landinu. Reykjavíkurborg mun sjá um þróun, viðhald, rekstur og hýsingu á lausninni fyrir hönd samstarfsaðila í samræmi við verklag í 4-gr.

Kostnaður af þróun, viðhaldi, rekstri og hýsingu lausnarinnar mun skiptast þannig að allir þátttakendur greiða fastan kostnað sem nær yfir sameiginlega innviði og grunnrekstur, sem og hlutdeild í sameiginlegri framþróun, þ.m.t. vörustýringu. Þessum kostnaði verður skipt í hlutfalli við íbúafjölda hvers sveitarfélags.

4. gr.

Verklag

Sambandið leggur verkefninu til **verkefnastjóra** sem heldur utan um verkefnið og sér um samskipti við stýrihóp, fagráð og vörustjóra.

Reykjavíkurborg útvegar verkefninu **vörustjóra**. Hann heldur utan um innsendar beiðnir og óskir frá notendum og vinnur tillögur að framgangi þeirra til stýrihóps í samvinnu við verkefnastjóra.

Fimm manna **stýrihópur**, skipaður fulltrúum sveitarfélaga, Sambandsins og Reykjavíkurborgar vinnur að útfærslum verkefnisins. Hann vinnur úttektir, samantektir og forgangsmat verkefna og leggur þær tillögur fyrir fagráð. Stýrihópurinn fylgir verkefnum eftir í samræmi við forgangsörðun fagráðs.

Fagráð er skipað fulltrúum allra sveitarfélaga sem taka þátt í verkefninu. Það forgangsraðar verkefnum og felur stýrihópi eftirfylgni þeirra. Forgangsörðun verkefna er metið út frá fyrirfram ákveðnum forsendum, til að tryggja sanngjarna meðferð tillaga að viðbótum eða þróun á Veitu.

5. gr.

Gildistaka og ágreiningur

Samkomulag þetta gildir frá 1. janúar 2025. Það er ótímabundið en uppsegjanlegt með 6 mánaða fyrirvara. Samið verður sérstaklega um uppgjör eigna og skulda ef til uppsagnar kemur.

Mál er kunna að rísa út af samkomulaginu skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.


Reykjavík, 31. janúar 2025

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga



Heiða Björg Hilmsdóttir
Formaður stjórnar

F.h. Reykjavíkurborgar



Einar Þorsteinsson
Borgarstjóri